



Afkomutilkynning
Akranesi, 20. nóvember 2007

Ársuppgjör 1. október 2006 til 30. september 2007

- Spölur ehf hefur innleitt alþjóðlega reikningsskilastaðla (e. International Financial Reporting Standards, skammstafað IFRS) frá og með 1. október 2006. Nánar er vísað í fréttatilkynningu um innleiðingu IFRS dagsett 31. maí 2007.
- Hagnaður Spalar ehf eftir skatta fyrir rekstarárið 1. október 2006 til 30. september 2007 nam kr. 282 m.kr. en hagnaðurinn á tímabilinu 1. október 2005 til 30. september 2006 nam 8 m.kr. Hagnaður Spalar eftir skatta á fjórða ársfjórðungi félagsins sem er 1. júlí 2007 til 30. september 2007 nam 112 m.kr. Á sama tíma árið á undan nam hagnaður félagsins 153 m.kr. Reikningsár Spalar er 1. október til 30. september ár hvert. Spölur er að fullu í eigu Eignarhaldsfélagsins Spalar hf.
- Veggjald ársins nam 1.034 m.kr. til samanburðar við 995 m.kr. árið áður sem er 3,8% hækkun.
- Rekstrarkostnaður Spalar ehf án afskrifta fyrir árið 2007 nam kr. 229 m.kr. og hækkar um rúm 11,7% frá árinu áður þegar hann nam 205 m.kr.
- Skuldir Spalar ehf lækka úr 4.616 m.kr. þann 30. september 2006 í 4.405 m.kr þann 30. september 2007 eða um 4,8%.

Um uppgjórið

Gylfi Þórðarson, framkvæmdastjóri Spalar, segir heildarafkoma vel í takt við áætlanir félagsins.

Tímabilið frá 1. október 2006 til 30. september 2007 er niúnda heila fjárhagsárið félagsins. Á þessu tímabili fóru 1.996 þúsund ökutæki um göngin, sem greiddu veggjald sem er um 9% aukning frá sama tímabili árið áður. Þessi fjöldi samsvarar því um 5.470 ökutæki hafi farið um göngin að meðaltali dag hvern. Meðaltekjur fyrir hverja ferð um göngin fara lækkanði, bæði að nafnverði og raunvirði. Skýringin er einkum sú að fleiri viðskiptavinir nýta sér afsláttarmöguleika.

Nánari upplýsingar veitir Gylfi Þórðarson, framkvæmdastjóri Spalar ehf, í síma 433 5910.

Lykiltölur úr rekstri Spalar ehf í þúsundum króna

	1/10 2006 - 30/9 2007	1/10 2005 - 30/9 2006	1/10 2004 - 30/9 2005*	1/10 2003 - 30/9 2004*	1/10 2002 - 30/9 2003*
Rekstrartekjur					
Veggjald	1.033.851	995.082	985.834	922.169	904.802
Rekstrargjöld					
Viðhald og rekstur ganga	125.225	120.536	111.641	127.110	128.818
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	103.895	84.187	72.985	53.224	52.038
Afskriftir	<u>229.499</u>	<u>222.229</u>	<u>211.335</u>	<u>305.434</u>	<u>296.950</u>
	458.619	426.952	395.960	485.768	477.805
Rekstrarhagnaður	575.232	568.130	589.874	436.401	426.996
Fjármunatekjur- og (fjármagnsgjöld)	-231.299	-593.557	-592.667	-365.637	-361.811
Hagnaður (tap) fyrir skatta	343.933	10.171	-2.793	70.764	65.185
Tekjuskattur	<u>-61.908</u>	<u>-1.830</u>	<u>503</u>	<u>-12.738</u>	<u>-11.733</u>
Hagnaður (tap) ársins	<u><u>282.025</u></u>	<u><u>8.341</u></u>	<u><u>-2.291</u></u>	<u><u>58.027</u></u>	<u><u>53.452</u></u>

* Fjárhæðir 2003 - 2005 eru ekki í samræmi við IFRS.



	30/9 2007	30/9 2006	30/9 2005*	30/9 2004*	30/9 2003*
Eignir samtals	5.108.110	5.068.762	5.205.671	6.177.887	6.433.843
Eigið fé	702.981	452.457	404.609	406.900	348.873
Skuldir samtals	4.405.129	4.616.305	4.801.062	5.770.987	6.084.970
Veltufjárhluftall	0,86	0,54	0,53	1,21	1,32
Eiginfjárhluftall	13,76%	8,93%	7,77%	6,59%	5,42%

* Fjárhæðir 2003 - 2005 eru ekki í samræmi við IFRS.

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af EB. Ársreikningurinn fylgir IFRS-staðli 1, innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla, þar sem þetta er í fyrsta sinn sem ársreikningur félagsins er gerður eftir þessum stöðlum.

Rekstrarreikningur

Hagnaður ársins nam 282 m.kr. en á tímabilinu árið áður nam hagnaður félagsins 8 m.kr.

Rekstrarhagnaður ársins fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld er 575 m.kr. en var árið áður fyrir sama tímabil 568 m.kr.

Tekjur

Veggjald á tímabilinu nam 1.034 m.kr. samanborið við 995 m.kr. árið áður og hækkar því um 3,8%.

Gjöld

Rekstrarkostnaður félagsins án afskrifta á tímabilinu var 229 m.kr. og hækkar um 11,7% frá sama tímabili ári áður þegar hann nam 205 mkr. Rekstrarkostnaður á fjórða ársfjórðungi nam 64 m.kr. og hækkaði um 6 m.kr. frá árinu áður þegar hann nam 58 m.kr.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Á tímabilinu voru fjármunatekjur og fjármagnsgjöld 231 m.kr og lækkar um 141% frá sama tímabili ári áður þegar þau voru 558 m.kr. Má þessa lækkun að mestu leyti rekja til gengis- og verðbreytinga.

Efnahagsreikningur

Eignir

Heildareignir Spalar ehf 30. september 2007 voru 5.108 m.kr. Þann 30. september 2006 námu þær 5.069 m.kr. Eignir félagsins hafa því hækkað um 39 mkr.

Eigið fé og skuldir

Eigið fé Spalar er 703 m.kr. og hækkar um 251 m.kr. frá 1. október 2006.

Skuldir félagsins námu 4.405 m.kr. 30. september 2007 og lækka þær um 211 m.kr. frá 1. október 2006. Þessi lækkun skýrist að mestu leyti af niðurgreiðslum lána.

Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri var 728 m.kr. á tímabilinu 1. október 2006 til 30. september 2007 en fyrir sama tímabil árið á undan var handbært fé frá rekstri 708 m.kr.

Handbært fé stendur í 255 m.kr. í lok september 2007.



Þróun rekstrar

Hér á eftir má sjá afkomu rekstrar og þróun hans á milli ársfjórðunga frá 1. júlí 2006 til 30. september 2007.

Ársfjórðungsyfirlit í þúsundum króna

	4. ársfj.	3. ársfj.	2. ársfj.	1. ársfj.	4. ársfj.
	1/7 07 -	1/4 07 -	1/1 07 -	1/10 06 -	1/7 06 -
	30/9 07	30/6 07	31/3 07	31/12 06	30/9 06
Veggjald	348.252	286.659	196.621	202.320	342.788
Viðhald og rekstur ganga	(36.736)	(31.775)	(35.153)	(21.561)	(35.174)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	<u>(27.763)</u>	<u>(23.960)</u>	<u>(24.005)</u>	<u>(28.168)</u>	<u>(23.003)</u>
Rekstrarhagn. f. afskriftir (EBITDA)	283.753	230.924	137.463	152.591	284.611
Afskriftir.....	<u>(57.977)</u>	<u>(57.922)</u>	<u>(56.976)</u>	<u>(56.623)</u>	<u>(56.410)</u>
Rekstrarhagnaður (EBIT)	225.776	173.002	80.487	95.968	228.201
Fjárm.tekjur- og (fjárm.gjöld) - nettó	<u>(89.094)</u>	<u>(74.431)</u>	<u>1.759</u>	<u>(69.533)</u>	<u>(40.631)</u>
Hagnaður (tap) fyrir skatta	136.682	98.571	82.245	26.435	187.570
Tekjuskattur	<u>(24.603)</u>	<u>(17.743)</u>	<u>(14.804)</u>	<u>(4.758)</u>	<u>(33.763)</u>
Hagnaður (tap) ársfjórðungs	<u>112.079</u>	<u>80.828</u>	<u>67.441</u>	<u>21.676</u>	<u>153.807</u>

Rekstrarhorfur og framtíðarsýn

Horfur í rekstri Spalar ehf fyrir árið 1. október 2007 til 30. september 2008 eru góðar. Útlit er fyrir að umferðaraukning verður milli rekstrarára eins og nú horfir.

Endurskoðun

Ársuppgjörið hefur verið endurskoðað af endurskoðendum félagsins, PricewaterhouseCoopers. Stjórn og framkvæmdastjóri Spalar ehf hafa í dag samþykkt ársreikning félagsins fyrir tímabilið 1. október 2006 til 30. september 2007.